



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið


Reykjavík, 21. mars 2018

USK2018030021

5.28

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið



### *Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur, um fjölda og aðkomu að stoppistöðvum strætó*

Á fundi borgarráðs þann 8. mars 2018 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Mörtu Guðjónsdóttur, borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um fjölda og aðkomu að stoppistöðvum strætó:

*„Óskað er upplýsinga um hversu margar stoppistöðvar strætó í borginni eru við götu, sem stöðvar þá umferð sem er fyrir aftan vagnana. Jafnframt er óskað upplýsinga um hversu margar stoppistöðvar eru í borginni með útskotum.“*

Fyrirspurnin var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

### **Umsögn**

Samkvæmt upplýsingum Landupplýsingadeildar Reykjavíkurborgar eru strætóstoppistöðvar í borginni 551 talsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda útskota. Árið 2014 greindi Mannvit verkfræðistofa rými fyrir liðvagna o.fl. á leiðum 1 og 6. Leið 6 ók þá að mestu innan Reykjavíkur. Samkvæmt greiningunni var heildarfjöldi stoppistöðva á leið 1 og 6 alls 155 og af þeim voru 46 þeirra með vasa/útskoti. Við 88 stoppistöðvar var stöðvað í götu og við 12 stoppistöðvar var sérrein strætó þar sem almenn umferð stöðvast ekki fyrir aftan vagnana. Ákvörðun um útskot fyrir strætisvagna er háð umferðarhraða, umferðarmagni, umferðaröryggi og fleiri þáttum. Almennt stöðva strætisvagnar í götu þar sem hraði er 30 km/klst og lægri.

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri

